

Alþingi  
Erindi nr. P 141/461  
komudagur 25.10.2012



SAMBAND TÓNSKÁLDA OG EIGENDA FLUTNINGSRÉTTAR  
THE PERFORMING RIGHTS SOCIETY OF ICELAND  
Confédération Internationale des Sociétés d'Auteurs et Compositeurs

Laufásvegi 40 · IS-101 Reykjavík · Iceland  
Tel.:(+354)561 6173 · Fax (+354)562 6273  
www.stef.is · [info@stef.is](mailto:info@stef.is)

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Eiríks Áka Eggertssonar  
Skrifstofa Alþingis við Austurvöll  
150 Reykjavík

101. mál

Reykjavík 25. október 2012

**Varðar: Umsögn um frumvarp er varðar skattlagningu endurgjalds til höfunda og réttihafa fyrir hvers konar hugverk o.fl.**

Vísað er til beiðnar Alþingis um umsögn STEFs við ofangreint frumvarp dags. 17. október 2012

STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar) fagnar mjög framkomnu frumvarpi frá Helga Hjörvari, formanni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Frumvarpið felur í sér þá breytingu lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, að í stað þess að skattleggja höfundaréttartekjur með tekjuskatti munu þær framvegis skattleggist með fjármagnstekjuskatti.

Hefur STEF í fjölda mörg ár barist fyrir breytingu þessari, til hagsbóta fyrir höfunda.

Rökin fyrir breytingunni eru þau að eðlilegt sé að tekjur af hugverkum sem þegar hafa verið sköpuð séu skattlögð eins og aðrar tekjur manna af eignum sínum. Er hugverk í þessu sambandi í engu frábrugðið öðrum eignum sem geta gefið af sér tekjur, enda viðurkenna höfundalög nr. 73/1972 að hugverk eins og tónlist eða myndlist sé eign viðkomandi höfundar. Er í hæsta máta óeðlilegt að greiddur sé tekjuskattur eins og um laun sé að ræða, á hverju ári út verndartíma höfundaréttarvarinna verka, sem í dag er 70 ár frá því almanaksári sem að höfundur deyr.

Sérstaklega verður augljóst hve óeðlileg skattheimta tekjuskatts er, þegar höfundur hugverksins er látinn, en hugverkið skapar þó enn tekjur til handa erfingjum hans. Eru tekjurnar þá skráðar sem laun viðkomandi erfingja og borgar erfinginn af þeim fullan tekjuskatt en getur ekki talið fram á móti nokkurn kostnað.

Ljóst er að fyrir meirihluta þeirra höfunda sem fá greiddar höfundaréttartekjur frá STEFi myndi breytingin þýða lækun á greiddum skatti, þó mismunandi eftir því hversu mikinn kostnað þeir hafa af öflun teknanna til frádráttar frá tekjuskattsstofni sínum.

Verði af breytingu þessari, mun innheimta skattsins einnig verða öruggari en áður fyrir Ríkissjóð, þar sem STEF mun þó undantekningarlaust halda eftir fjármagnstekjuskattinum við úthlutun til réttihafa, burtséð frá því hvort viðtakandinn er einstaklingur, hlutafélag eða stofnun. Í dag heldur STEF einungis eftir staðgreiðslu tekjuskatts ef úthlutun STEFs er yfir ákvörðun mörkum. Þá annast þeir höfundar sjálfir greiðslu tekjuskatts sem hafa skilað til STEFs ábyrgðar- og verktakayfirlýsingu svo og þeir sem hafa framselt hinn fjárhagsiega hluta höfundaréttar síns til lögaðila, en þá ber lögaðillinn ábyrgð á greiðslu skattsins.



SAMBAND TÓNSKÁLDA OG EIGENDA FLUTNINGSRÉTTAR  
THE PERFORMING RIGHTS SOCIETY OF ICELAND  
*Confédération Internationale des Sociétés d'Auteurs et Compositeurs*

Laufásvegi 40 · IS-101 Reykjavík · Iceland  
Tel.:(+354)561 6173 · Fax (+354)562 6273  
[www.stef.is](http://www.stef.is) · [info@stef.is](mailto:info@stef.is)

Í þeim tilvikum þar sem höfundar hafa framselt höfundarétt sinn til lögaðila myndu fjármagnstekjur viðkomandi félags skoðast sem atvinnurekstrartekjur og skattlagning teknanna færu þá áfram fram sem skattlagning atvinnurekstrartekna.

Á grundvelli alls ofangreinds tekur STEF heilshugar undir frumvarpsdrögin og vonar að þau verði sem allra fyrst að lögum.

Virðingarfyllst  
F.h. STEFs

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðrún Björk Bjarnadóttir'.

Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri